



Sjálfsmatsskýrsla 2024-2025

Heiðarskóli

Reykjanesbæ





Sjálfsmatsskýrsla 2024-2025

Heiðarskóli

Reykjanesbæ

Reykjanesbær, 26. júní 2025



Efnisyfirlit

INNGANGUR	3
1. UM SKÓLANN.....	3
1.1. SKÓLANÁMSKRÁ	4
1.2. SKÓLASTEFNA HEIÐARSKÓLA.....	4
2. SJÁLFSMAT	5
2.1. MATSAÐFERÐIR.....	6
2.2. SKILGREINING Á INNRA OG YTRA MATI	6
2.3. INNRA MAT 2025 - 2026	7
2.4. YTRA MAT 2025 – 2026	8
3. MATSÁÆTLUN HEIÐARSKÓLA 2025 – 2026	8
4. NIÐURSTÖÐUR SJÁLFSMATS 2024 – 2025	9
4.1. NEMENDAKANNANIR.....	9
4.1.1. Lestur og lesskilningur.....	9
4.1.2. Stærðfræði og talnaskilningu.....	14
4.1.3. Viðhorf nemenda.....	14
STARFSMANNAKANNANIR	28
4.2.1 Moodup - starfsmannakönnun.....	31
4.2. FORELDRASAMSTARF	33
4.3. MENNTASTEFNA REYKJANESBÆJAR.....	33
5. SAMANTEKT	34
5.1. FRAMKVÆMDARMAT Á NOKKUR VERKEFNI Á SKÓLAÁRINU 2024 - 2025.....	34
5.2. SAMANTEKT Á NIÐURSTÖÐUM SJÁLFSMATS 2024 - 2025	36
5.3. UMBÓTAÁÆTLUN 2025 – 2026.....	36
LOKAORD.....	37

Inngangur

Í þessari skýrslu verður gerð grein fyrir sjálfsmati í Heiðarskóla skólaárið 2024 - 2025. Tilgangur með sjálfsmati er að leggja grunn að skilvirkri umbótastarfi í skólanum og gera góðan skóla enn betri. Matið er altækt, þar sem öll helstu svið skólans eru metin, og árangursmiðað þar sem upplýsingarnar verða nýttar sem grundvöllur við ákvarðanatöku um frekari þróun skólastarfsins. Matið er unnið af starfsmönnum skólans á grunni upplýsinga sem safnað hefur verið saman. Það beinist að stofnuninni sjálfri en jafnframt að einstaklingunum innan hennar s.s. starfsfólki og nemendum.

Mat á skólastarfi er liður í lögbundnu eftirlitsstarfi skóla og skólayfirvalda sem hefur þann tilgang að tryggja réttindi nemenda og stuðla að skólaumbótum. Markmið mats og eftirlits er einkum þríþætt. Í fyrsta lagi að fylgjast með að starfsemi skóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskráa. Í öðru lagi að auka gæði skólastarfsins og stuðla að umbótum, tryggja að réttindi nemenda séu virt og að þeir fái þá þjónustu sem þeir eiga rétt á samkvæmt lögum. Í þriðja lagi að veita upplýsingar um skólastarfið, árangur þess og þróun.

Aðalnámskrá grunnskóla 2011, bls. 28-29

Í fylgiskjöllum skýrslunnar eru matsáætlanirnar, áherslu- og umbótaáætlun og þær kannanir sem voru gerðar skólaárið 2024-2025.

1. Um skólann

Þann 21. júlí 1997 var fyrsta skóflustungan tekin að Heiðarskóla. Heiðarskóli er byggður sem tveggja hliðstæðna heildstæður grunnskóli, sem eru tvær bekkjardeildir frá 1. – 10. bekk. Hann er jafnframt fyrsti skólinn á Íslandi, sem byggður er í einum áfanga, með íþróttahúsi og sundlaug. Skólinn tók til starfa haustið 1999.

Í stuttu máli er skólinn þannig byggður að eftir honum endilöngum er breiður og bjartur gangur, stundum kallaður „menntavegurinn“. Sunnan megin við ganginn eru list- og verkgreinastofur og tvær almennar kennslustofur. Norðan megin við ganginn eru þrjú kennslustofuhús á tveimur hæðum, alls 6 almennar kennslustofur í hverju húsi. Kennslustofuhúsin eru auðkennd með litum, gult (yngsta stig), rautt (miðstig) og blátt (unglingastig). Hægt er að opna á milli tveggja stofa á hverri hæð. Í miðrými skólans er samkomusalur/matsalur á neðri hæð, en á efri hæðinni er stjórnunarrými, námsráðgjafi,

fundaaðstaða, skólasafn, tækniver og kaffistofa starfsmanna. Út frá miðrýminu í norðurátt er aðstaða til íþróttaiðkunar, sundlaug og íþróttasalur. Skólaárið 2024 - 2025 voru u.þ.b. 460 nemendur í skólanum í 22 bekkjadeildum. Við skólann starfa u.þ.b. 80 starfsmenn. Stjórnskipulag skólans byggir á skólastjóra, aðstoðarskólastjóra og þremur deildarstjórum. Nemendaverndarráð er skipað aðstoðarskólastjóra, deildarstjórum, námsráðgjafa, skólafélagsráðgjafa, sálfræðingi, kennsluráðgjafa frá menntasviði, hjúkrunarfræðingi og starfsmanni frá Barna- og fjölskylduteymi Reykjanesbæjar. Skólinn er í góðu samstarfi við menntasvið Reykjanesbæjar.

1.1. Skólanámskrá

Í Aðalnámskrá grunnskóla er gert ráð fyrir að stefna skólans sé birt með tvennum hætti. Annars vegar er skólanámskrá og hins vegar árleg starfsáætlun skólans.

Skólanámskrá er nánari útfærsla á Aðalnámskrá grunnskóla um markmið, inntak náms og námsmat, starfshætti og mat á árangri og gæðum skólastarfs. Þar birtist m.a. stefna skólans og þau gildi sem starf hans byggir á. Einnig eru þar ýmsar áætlanir s.s. samskiptaáætlun, jafnréttisáætlun, áfallaáætlun, forvarnaráætlun og rýmingaráætlanir. Í árlegri starfsáætlun er m.a. gerð grein fyrir skóladagatali, áherslu- og umbótaáætlun, símenntun starfsmanna, starfsáætlun nemenda, skólareglum, félagslífi nemenda og öðru því sem varðar starfsemi skólans ár hvert. Þar eru einnig birtar upplýsingar um starfsfólk skólans og ýmsar aðrar hagnýtar upplýsingar.

1.2. Skólastefna Heiðarskóla

Í Heiðarskóla er lögð áhersla á metnaðarfullt skólastarf og að traust og virðing ríki milli fólks. Góð samvinna starfsfólks, nemenda, foreldra og annarra samstarfsaðila skólans eru mikilvægir þættir í skólastarfinu. Í skólanum er starfað eftir skólanámskrá undir merkjum menntastefnu Reykjanesbæjar og gerð er starfsáætlun fyrir hvert skólaár. Starfsmenn skólans ígrunda störf sín og leita sífellt leiða til frekari umbóta og stefna að því sameiginlega markmiði að bæta árangur nemenda. Markmiðið er að í Heiðarskóla fari fram metnaðarfullt og gróskumikið skólastarf þar sem nemendum og starfsfólki líður vel. Það rímar vel við meginmarkmið menntastefnu Reykjanesbæjar þar sem meginmarkmið hennar er að skapa öruggt og hvetjandi umhverfi þar sem nemendum líður vel, rækti hæfileika sína og blómstri.

Í Heiðarskóla eru nemendur settir í öndvegi og kappkostað að þeim líði vel og hæfileikar og færni hvers og eins fái notið sín. Leitast er við að nemendur tileinki sér ábyrga afstöðu gagnvart námi sínu og vinni saman með sem minnstri námsaðgreiningu.

Einkunnarorð skólans eru hugvit, háttvísi og heilbrigði. Áherslupættir eru eftirfarandi:



Markvisst er unnið að þessum áherslupáttum. Í skólanámskrá eru þeim gerð nánari skil og í starfsáætlun og námsvísu kemur fram hvernig kennarar vinna með nemendum til að efla þessa þætti í skólastarfinu.

2. Sjálfsmat

Í lögum um grunnskóla 91/2008 36 gr. eru ákvæði um innra mat skóla. Innra matið tekur til alls skólastarfsins. Með því fer fram viðtæk gagnaöflun sem veitir upplýsingar um árangur skólastarfsins og er jafnframt leið til að vinna markvisst að umbótum.

Sjálfsmat dregur fram sterkar og veikar hliðar skólans og skapar faglegan grundvöll fyrir umbætur. Matið er ein af forsendum þess að hægt sé að setja fram raunhæfar tillögur til úrbóta á veikleikum í skólastarfinu. Eftir sjálfsmat eru lagðar fram tillögur til úrbóta og gerð áætlun um framkvæmd. Síðar er metið hvort að umbætur hafi skilað árangri. Sjálfsmatið þarf að vera formlegt, altækt, áreiðanlegt, samstarfsmiðað, umbótamiðað, árangursmiðað, stofnana- og einstaklingsmiðað, lýsandi, greinandi og opinbert.

Í Heiðarskóla snýr sjálfsmatið að helstu þáttum skólastarfsins, s.s. markmiðum skólans, líðan, skipulagi, starfinu í skólanum, kennslu, námsmati, aðbúnaði, stjórnun, o.fl.

Stjórnendur bera ábyrgð á framkvæmd sjálfsmats og leggja fram tillögur til umbóta.

Tilgangur og markmið með mati á skólastarfi

- Leita leiða til að bæta námsárangur nemenda.
- Efla þekkingu allra starfsmanna á stofnuninni sem heild.
- Auka samstarf og samheldni allra sem koma að skólastarfinu, nemenda, foreldra og

starfsmanna.

- Bæta starfsaðstæður og stuðla að betri líðan þeirra sem í skólanum starfa, hvort sem um nemendur eða aðra er að ræða.
- Skapa frjóa umræðu og skoðanaskipti.
- Stuðla að þróun og vexti skólans.
- Tryggja upplýsingamiðlun um starfsemi skólans bæði inn á við og út á við.

2.1. Matsaðferðir

Tvenns konar viðmið eru lögð til grundvallar innra mati skólans. Annars vegar lög og reglugerðir sem grunnskólum er ætlað að starfa eftir og hins vegar skólanámskrá og starfsáætlun en þar kemur fram stefna skólans og markmið.

Við matið er lögð áhersla á að aðferðirnar séu greinandi og fjölbreyttar og falli vel að þeim markmiðum sem unnið er með hverju sinni. Þessi gögn eru m.a. kannanir, spurningalistar, umræðufundir, próf, vettvangsathuganir og gátlistar svo eitthvað sé nefnt. Samhliða formlegu mati eru iðulega gerðar stöðugreiningar á ýmsum atburðum í skólastarfinu, s.s. árshátíðum, þemadögum, samskiptadögum o.fl. og eru niðurstöðurnar metnar og umbótaáætlanir gerðar.

Gerð er matsáætlun þar sem fram koma þeir þættir í skólastarfinu sem meta á hvert skólaár. Starfsmenn skólans taka ákvörðun um hvað á að meta og hver viðmiðin eiga að vera. Þegar niðurstöður liggja fyrir eru greindir styrk- og veikleikar. Þar sem þörf er á er sett fram áherslu- og umbótaáætlun. Eftir tiltekinn tíma er farið yfir hvort úrbætur hafi skilað tilætluðum eða ásættanlegum árangri.

Matsáætlun og umbótaáætlun fyrir skólaárið er birt í starfsáætlun skólans.

2.2. Skilgreining á innra og ytra mati

Í þessari skýrslu er skilgreiningin á innra og ytra mati eftirfarandi:

Innra mat er framkvæmt af þeim sem vinna í skólanum og er unnið á þeim forsendum. Starfsmenn skólans taka ákvörðun um hvað á að meta, hver viðmiðin eiga að vera og leggja fram umbótaáætlanir þar sem þörf er á.

Ytra mat er framkvæmt af utanaðkomandi aðilum s.s. menntasviði Reykjanesbæjar, Rannsóknarstofu um þróun skólastarfs hjá Menntavísindasviði Háskóla Íslands, Menntamálastofnun, Sambandi íslenskra sveitarfélaga o.fl. Niðurstöður af mati sem þessir aðilar framkvæma og snúa að innra starfi skólans geta mjög vel stutt við innra mat og stuðla að markvissari nýtingu mats til umbóta fyrir skólann. Því er fjallað um slíkt mat þar sem við á.

2.3. Innra mat 2025 - 2026

2.3.1 Nemendakannanir

Lesferill (fylgiskjöl 1)

Í 2.-10. bekk eru lesfimiþróf lögð fyrir í september, janúar og maí, en í 1.bekk í janúar og maí. Umsjónarkennarar hafa umsjón með fyrirlögn og úrvinnslu í 1. – 7. bekk og sérkennari í 8. – 10. bekk. Niðurstöður eru skráðar í Mentor og þannig komið áleiðis til nemenda og foreldra.

Lesskimun í 1.bekk

Lesskimun í 1. bekk er mats- og stuðningskerfi í lestrarkennslu, ætlað kennurum á yngsta stigi grunnskólans. Lesskimunarþróf er lagt fyrir að hausti í 1. bekk þar sem prófaðir eru þættir sem leggja grunn að lestrarnáminu. Niðurstöðurnar úr þeim þrófum eru nýttar þannig að nemendum er skipt upp í hópa út frá niðurstöðum og unnið sérstaklega með þá þætti sem nemendur þurfa þjálfun í.

Nemendakannanir (fylgiskjöl 2 og 3)

Könnun Skólapúlans er lögð fyrir nemendum í 6. – 10. bekk. Nemendakönnunin fer fram í fimm 40 - 42 nemenda úrtökum, í september, nóvember, janúar, apríl og maí. Heildarniðurstöður liggja fyrir að vori og eru þær einnig kynntar á starfsmannafundi í lok skólaárs eða upphafi þess næsta ásamt umbótaáætlun.

Íslenska æskulýðsrannsóknin var lögð fyrir 4. – 10. bekk. Niðurstöður verða kynntar haustið 2025 bæði fyrir starfsfólki skólans og einnig á foreldrafundum.

2.3.2 Starfsmannakannanir

Moodup (fylgiskjöl 4).

Moodup starfsmannakönnun, sem eru púlsmælingar á viðhorfum og líðan starfsfólks í Heiðaskóla og Reykjanesbæ.

Skólapúlansinn (fylgiskjöl 5).

Starfsmannakönnun Skólapúlans, könnun sem er lögð fyrir starfsmenn skólans á 2ja ára fresti.

Viðhorf starfsfólks til ýmissa viðburða (fylgiskjöl 6).

Eftir sérstaka viðburði í skólanum s.s. þemadaga, árshátíð, einkunnarorðadaga og fleira er kallað eftir álit starfsfólks á því hvernig til tókst. Oft er það gert með samtali á stigsfundum eða starfsmannafundum en stundum með því að kalla eftir viðbrögðum með tölvupósti/skilaboðum eða með stuttum rafrænum könnunum. Matið er nýtt til að sjá hvað gekk vel, hvað er hægt að gera betur eða breyta þegar viðburður er skipulagður næst.

2.3.3 Foreldrakannanir

Skólapúlsinn – Foreldrakönnun (Fylgiskjöl 67)

2.4. Ytra mat 2025 – 2026

2.4.1 Logos skimunarpróf í 6. og 8. bekk

LOGOS er tölvutækt greiningarpróf sem er grundvallað á rannsóknum á lestrarfærni. Prófinu er ætlað að greina nánar lestrarerfiðleika eða staðfesta grun um lestrarerfiðleika sem komið hafa fram hjá nemendum í almennum lestrarprófum. Prófin eru stöðluð þannig að hægt er að meta niðurstöður í samanburði við viðmið jafnaldra.

2.4.2 Skimunarpróf í stærðfræði

Skimunarprófið Talnalína var lagt fyrir 3., 6. og 8. bekk. Talnalína er skimunarpróf sem stærðfræðikennarar í Reykjanesbæ þróðu.

3. Matsáætlun Heiðarskóla 2025 – 2026

Matsþáttur	Verkefni	Leiðir	Þátttakendur	Ábyrgðaraðilar	Tími
Lestur og lesskilningur	Lesfimiþróf MMS	Kennarar leggja prófin fyrir	Nemendur	Stjórnendur	Sept., jan. og maí.
	Lesskimun fyrir 1. bekk.	Umsjónarkennarar í 1. bekk og sérkennari	Nemendur í 1. bekk	Umsjónakennarar, sérkennari og deildarstjóri yngra stigs.	Október
	LOGOS lestrarskimun	Samtal við kennsluráðgjafa menntasviðs um niðurstöður í 3., 6. og 8. bekk.	Nemendur sem sýna einkennni þess að eiga í lestrarvanda.	Stjórnendur, kennarar og kennsluráðgjafar	Allt skólaárið
Stærðfræði	Talnalína, stærðfræðiskimun	Stærðfræðikennari leggur prófin fyrir.	Nemendur í 3. 6. og 8. bekk	Stjórnendur og stærðfræðikennarar	Nóv. – jan.
Viðhorf nemenda í 6. - 10. bekk.	Skólapúlsinn	Könnun lögð fyrir nemendur	Nemendur í 6. - 10. bekk	Stjórnendur og Skólapúlsinn	Sept., nóv., jan, mars og maí

Samtal um skólastarf	Stjórnendur bjóða foreldrum til samtals.	Samtal stjórnenda við foreldra um tiltekna þætti í skólastarfi Heiðarskóla.	Stjórnendur, kennarar og foreldrar.	Stjórnendur	Nokkrum sinnum yfir skólaárið
Viðhorf starfsfólks	Moodup	Könnun send á starfsmannahópinn	Allt starfsfólk Heiðarskóla.	Stjórnendur	Nóvember, janúar, mars og maí
Viðhorf starfsfólks til viðburða og verkefna	Ýmis verkefni, viðburðir og starfsþróun.	Samtöl þar sem metið er hvernig til hefur tekist í ákveðnum verkefnum eða viðburðum.	Starfsfólk	Stjórnendur	Reglulega yfir skólaárið.

4. Niðurstöður sjálfsmats 2024 – 2025

Hér er greint frá niðurstöðum sjálfsmats skólaárið 2024 - 2025

4.1. Nemendakannanir

4.1.1. Lestur og lesskilningur

Markvisst er unnið að því að efla lestur og lesskilning nemenda í Heiðarskóla. Unnið er eftir aðgerðaráætlun lestrarstefnu skólans. Í aðgerðaráætluninni má m.a. sjá markmið, viðmið, mat og áætlun til umbóta. Í áætluninni er einnig fjallað um kennsluaðferðir, lestrarþjálfun og hugmyndir um hvernig megi auka ánægju af lestri.

Á tíu ára skólagöngu nemenda eru gerðar ýmsar kannanir þar sem hægt er að skoða sérstaklega lestur, lesskilning og hlustun. Lesferill er matstæki sem unnið er af læsisteymi Menntamálastofnunar í samstarfi við aðra sérfræðinga stofnunarinnar. Lesferill er ætlað að meta grunnþætti læsis s.s. lesfimi, lesskilning, ritun, orðaforða og málskilning.

Til þess að meta stöðu nemenda í lesfimi og lesskilningi nýtum við okkur það ytra mat sem unnið er eins og LOGOS skimunarprófið sem lagt er fyrir 6. og 8. bekk. Forskimun lestrarerfiðleika á sér þó stað allt frá 1. bekk. Þegar niðurstöður úr þessum skimunum og könnunum eru skoðaðar má sjá hvernig nemendur Heiðarskóla standa sig miðað við jafnaldra.

Niðurstöður úr Skólapúlсинum, svörum nemenda í 6. – 10. bekk, gefa okkur vísbendingar um áhuga nemenda á lestri. Kennarar vinna með ýmsu móti að því að vekja áhuga nemenda á lestri og nýta fjölbreyttar aðferðir til að efla lestur og lesskilning, s.s. gagnvirkur lestur og hugtakakort.

LOGOS skimunarpróf

Kennsluráðgjafar hjá menntasviði Reykjanesbæjar lögðu fyrir LOGOS skimunarpróf í 6. og 8. bekk, útkoman er skilgreind á eftirfarandi hátt:

- Þeir sem eru undir 15 í hundraðsröð glíma við mikinn lestrarvanda
- Þeir sem eru á milli 15 og 30 eiga við minni lestrarvanda að etja og oft hægt með átaki að lyfta þeim upp yfir 30
- Allir yfir 30 eru í góðri stöðu

Í læsisstefnu Reykjanesbæjar eru sett fram viðmið um árangur í LOGOS lestrarskimun. Viðmiðið er að 80% nemenda mælist utan áhættu en tekið er tillit til tvítyngdra nemenda. Þeir nemendur sem eru undir viðmiðum Menntamálastofnunar í lesfimi við lok 5. og 7. bekkjar að vori fara í LOGOS lestrarskimun að hausti í 6. bekk og 8. bekk.

Nemendur í 6. bekk

Á skólaárinu fóru 17 nemendur af 40 í LOGOS lestrarskimun og bentu niðurstöðurnar til að 9 nemendur gætu átt við lestrarvanda að stríða og fóru þeir í lesgreiningu á vegum SMS (Skrifstofa menntasviðs Reykjanesbæjar).

Nemendur í 8. bekk


Á skólaárinu fóru 5 nemendur af 59 í LOGOS lestrarskimun og bentu niðurstöðurnar til 1 nemendi gæti átt við lestrarvanda að stríða og mun hann fara í lesgreiningu á vegum SMS haustið 2025.

Viðbrögð:

42,5% nemenda í 6. bekk og 8% nemenda í 8. bekk fóru í LOGOS skimun þetta skólaárið. Þessar niðurstöður sýna að lestrarárangur nemenda í þessum árgöngum er í eðlilegum farvegi. Þó er ástæða til að skoða hversu margir nemendur eru í erfiðleikum með lestrarnámið á miðstigi. Kennarar á miðstigi munu rýna í þær áskoranir á komandi skólaári.

Lesferill í 1.-10. bekk

Á skólaárinu voru öll þrjú lesfimiþrófin lögð fyrir í öllum árgöngum í september, janúar og maí, að undanskyldum 1. bekk sem fór í janúar og maí. Sama próf er lagt fyrir í öll þrjú skiptin og mæld eru orð á mínútu. Menntamálastofnun gefur út viðmið um árangur í hverjum árgangi og eru þau á þessa leið:




Tafla 1. Maíviðmið fyrir lesfimiþróf *Lesferils* – fjöldi rétt lesinna orða á mínútu.

Aldur nemenda	90% viðmið	50% viðmið	25% viðmið
1. bekkur	20	55	75
2. bekkur	40	85	100
3. bekkur	55	100	120
4. bekkur	80	120	145
5. bekkur	90	140	160
6. bekkur	105	155	175
7. bekkur	120	165	190
8. bekkur	130	180	210
9. bekkur	140	180	210
10. bekkur	145	180	210


Lesið má um lesfimiþróf Menntamálastofnunar hér:

[https://mms.is/sites/mms.is/files/lesfimiþróf mms.pdf](https://mms.is/sites/mms.is/files/lesfimi%20mms.pdf)

Hér fyrir neðan má sjá myndrit fyrir niðurstöður í lesfimi nemenda Heiðarskóla í 1. – 10. bekk í september og í maí. Fremsta súlan sýnir viðmið Menntamálastofnunar.




Hlutföll nemenda eftir frammistöðu samkvæmt viðmiðum
Heiðarskóli (Reykjanesbæ), maí 2025



Af efra myndritinu má sjá að í upphafi skólaárs voru niðurstöður lesfimiþrófa allra árganga nokkuð langt frá viðmiðum Menntamálastofnunar. Á neðra myndritinu má svo sjá framfarir á skólaárinu og að mjög góður árangur hefur náðst í nær öllum árgöngum.

Hér á næsta myndriti má sjá meðaltal lesinna orða og viðmið eftir árgöngum. Margir árgangar eru við eða yfir landsmeðaltali, þó þarf að skoða og rýna nánar í þá árganga sem eru undir landsmeðaltali. Virkilega ánægjulegt að sjá árangurinn þar sem vel gengur en áhersla hefur verið lögð á vandaða lestrarkennslu og ánægju af lestri á skólaárinu.

Meðaltal lesinna orða og viðmið eftir árgöngum
Heiðarskóli (Reykjanesbæ), maí 2025



Áhersla er lögð á að allir nemendur taki lesfimiþróf. Hafi það ekki tekist er það m.a. vegna þess að nemendur voru fjarverandi á þeim tíma sem prófað var.

Sérkennarar, deildarstjórar og umsjónar- og íslenskukennarar fóru yfir niðurstöðurnar og


brugðist var við þeim. Viðbrögð felast m.a. í því að ákvarða hvaða nemendur fá sérstaka lestrarþjálfun í skóla. Foreldrar fá upplýsingar um niðurstöður lesfimiþrófa á Mentor og foreldrar þeirra sem þurfa á markvissri þjálfun að halda eru upplýstir um viðbrögð um leið og óskað er eftir góðu samstarfi.

Lesskimun í 1. bekk

Umsjónarkennarar í samstarfi við deildarstjóra yngra stigs lögðu fyrir lesskimun í 1. bekk. Skimunin kannar stöðu nemenda við upphaf skólagöngu í eftirfarandi lestrarfærniþáttum:

- Málskilningur og orðaforði
- Bókstafa og hljóðabekking
- Hljóðkerfis- og hljóðavitund.

Lesskimunarprófið gerir bekkjarkennurum kleift að kanna hversu vel nemendur eru undirbúnir til að takast á við lestrarnám áður en eiginleg lestrarkennsla hefst að hausti í 1. bekk. Niðurstöður gefa vísbendingar um styrkleika og veikleika í nemendahópnum og veitir upplýsingar um nemendur sem gætu verið í áhættu með að lenda í erfiðleikum með lestrarnám, annars vegar vegna vanda við umskráningu og hins vegar vegna vanda með lesskilning.



Nemendur í 1. bekk voru alls 40 en 2 nemendur fóru ekki í lesskimun vegna fjarveru. Af myndritinu má sjá að meirihluti nemenda er án áhættu í stafabekkingu og málþroska en ekki í hljóðkerfisvitund. Teljast þessar niðurstöður vera góðar og er ágætt samræmi milli þeirra og niðurstaðna í lesfimi í þessum árgangi.

4.1.2. Stærðfræði og talnaskilningu

Talnalína er mælitæki fyrir grunnfærni nemenda í stærðfræði í 3., 6. og 8. bekk. Var það hannað og þróað af teymi stærðfræðikennara og stjórnenda grunnskólanna í Reykjanesbæ. Enn á þó eftir að þróa þann þátt matsins sem snýr að samantekt niðurstaðna en nú fæst aðeins niðurstaða fyrir hvern og einn nemanda. Því verður bið á því að niðurstöður úr stærðfræðiskimuninni verði birtar í sjálfsmatsskýrslu. Að því sögðu eru niðurstöður einstaklinga rýndar og stærðfræðikennarar nota þær til stuðnings og skipulags.

4.1.3. Viðhorf nemenda

Megináhersla er lögð á vellíðan nemenda og að þeir öðlist góða og haldbæra menntun. Í skólastarfinu á að skapa þær aðstæður að öllum líði vel bæði í starfi og leik.

Í skólastefnu skólans segir m.a

„Í Heiðarskóla eru nemendur settir í öndvegi og kappkostað að þeim líði vel og hæfileikar og færni hvers og eins fái notið sín.“

Þrír meginþættir skólastefnunnar eru þessir:



Markvisst hefur verið unnið að þessum þáttum. Í starfsáætlun skólans og bekkjarnámskrám kemur fram hvernig unnið er með nemendum til að styrkja þessa þætti. Leitast er við að meta hvort sú vinna hefur borið árangur m.a. með samræðum við nemendahópa og einstaklinga og niðurstöðum kannana s.s. úr Skólapúlsinum.

Nemendakönnun Skólapúlsins í 6. – 10. bekk

Nemendakönnun Skólapúlsins var lögð fyrir í fimm hlutum þar sem u.þ.b. 40 nemendur voru í úrtaki í hvert skipti. Heildarfjöldi þeirra nemenda sem voru í úrtakshópum voru 220 og svöruðu 188 nemendur sem gerir 85,5% svörun. Úrtaksmánuðir skólans voru: september, nóvember, janúar, mars og maí. Til samanburðar eru íslenskir grunnskólar að svipaðri stærð

og Heiðarskóli. Valið á spurningunum sem lagðar voru fyrir var byggt að mestu á rannsóknum á íslenskum PISA gögnum og kvörðum frá Menntamálastofnun og HBSC (Health Behaviour in School-Aged Children) rannsókninni sem er samstarfsverkefni Háskólans á Akureyri og Lýðheilsustöðvar. Valið er endurskoðað árlega að vori á samráðsfundi með notendum kerfisins. Eftirtaldir þættir í þremur flokkum voru mældir:

Virkni nemenda í skólanum:

Ánægja af lestri, þrautseigja í námi, áhugi á stærðfræði, ánægja af náttúrufræði, trú á eigin vinnubrögð í námi, trú á eigin námsgetu, hlutfall nemenda með snjallsíma og símanotkun á skólatíma.

Líðan og heilsa:

Sjálfsálit, stjórn á eigin lífi, vellíðan, áhyggjur og stress - ástæður, einelti, tíðni eineltis, staðir eineltis, í mataráskrift, oftast góður eða frekar góður matur, af hverju ertu ekki í mataráskrift og ábendingar nemenda um matinn í skólanum. .

Skóla- og bekkjarandi:


Samsömun við nemendahópinn, samband nemenda við kennara, agi í tímum, virk þátttaka nemenda í tímum, tíðni leiðsagnarmats.

Virkni nemenda í skólanum - Niðurstöður

Hér verður farið yfir niðurstöður þeirra þátta sem mæla virkni nemenda í skólanum og viðbrögð við þeim þáttum sem þarf að greina betur.

Ánægja af lestri

Í Skólapúlseinum er kvarði sem mælir ánægju nemenda á bókalestri. Nemendur okkar mælast marktækt undir meðaltali samanburðarskólanna í þessum þætti og hefur staðan lítillega batnað frá síðasta skólaári. Eins og sjá má á myndritinu mælist þessi þáttur marktækt undir meðaltali 6. árið í röð. Stúlkur sýna marktækt meiri ánægju af lestri en drengir.



Viðbrögð:

Eins og undanfarin ár var unnið að því að auka ánægju nemenda af lestri með ýmsum hætti, m.a. með hvatningu til foreldra um að sýna lestri barna sinna áhuga og hvatningu til nemenda um að lesa áhugaverðar bækur. Einnig með lestrarsprettum og heimsóknnum rithöfunda svo fátt eitt sé nefnt. Lestrarteymið hélt áfram að leita leiða til að efla yndislestur hjá nemendum og var það m.a. gert með því að hafa sýnilega lestrarhvatningu á veggjum skólans, kynna bækur með aðlaðandi framsetningu á bókasafni og með lestrarsprettum.

Ekki er talið ásættanlegt að skólinn sé sjötta árið í röð marktækt undir meðaltali í ánægju af lestri og verður áfram unnið að því að leita þeirra leiða sem geta haft jákvæð áhrif á þessa upplifun nemenda okkar af lestri.

Starfsmaður á bókasafn skólans hefur verið ráðinn m.a. með það að markmiði að auka áhuga á lestri hjá nemendum. Einnig er á áætlun að bókasafn skólans verði opið utan skólatíma reglulega yfir veturinn. Þetta er gert til þess að auka aðgengi nemenda að bókasafni skólans.

Þrautseigja í námi

Þrautseigja í námi mælist í meðaltali og hefur lítillega lækkað frá síðasta skólaári. Þróun innan skólaárs er á þá leið að lækka talsvert frá desember. Þrautseigja mældist lægst í 6. og 7. bekk en þó ekki marktækt undir landsmeðaltali. 8. – 10. bekkur mælast jafnir landsmeðaltali.


Viðbrögð:

Áfram verður unnið markvisst með nemendum að því að auka þrautseigjuna. Kennarar leggja fyrir verkefni við hæfi og styðja við þá með hvatningu og leiðsögn. Nemendur setja sér raunhæf markmið í upphafi skólaársins sem stefnt skal að yfir ákveðið tímabil, með aðstoð kennara og foreldra. Þessi markmið eru síðan yfirfarin og ný markmið sett. Þeir aðilar

sem að námi nemandans koma, þ.e. nemandinn sjálfur, kennari hans og foreldrar eiga með þessari vinnu samræðu um námið og er þar með öllum ljóst að hverju er stefnt. Huga þarf að því að efla þrautseigju nemenda með því að gefa slíkri umræðu og hvatningu rými í kennslu og samskiptum. Leiðbeina þarf nemendum okkar með hvað þrautseigja er og hvernig við nýtum hana. Verkefnið þurfa að vera krefjandi, áhugaverð og þannig gerð að þau auki metnað og þá um leið þrautseigju nemenda.

Áhugi á stærðfræði

Skólinn mælist marktækt undir meðaltali í áhuga á stærðfræði en engin breyting var á milli ára. Í 6. og 7. bekk mælist skólinn marktækt undir landsmeðaltali en ekki í öðrum árgöngum. Í nóvember mælist skólinn talsvert undir landsmeðaltali en það breyttist talsvert eftir því sem leið á skólaárið og í apríl mælist skólinn í landsmeðaltali.



Viðbrögð:

Stærðfræðikennarar fóru yfir niðurstöðurnar á síðasta skólaári og unnu í því að finna leiðir til að viðhalda og auka áhuga nemenda. Stærðfræðistefna skólans hefur verið virk eitt skólaár og var mikil ánægja með hana. Eitt af markmiðum í þeirri stefnu er að auka áhuga nemenda á stærðfræði. Stærðfræðikassar sem innihalda gögn sem henta til stærðfræðikennslu eru í hverjum árgangi og er markmiðið með þeim að kennarar hafi greiðan aðgang að gögnum fyrir stærðfræðikennslu.

Ánægja af náttúrufræði

Ánægja af náttúrufræði mælist marktækt undir meðaltali líkt og undanfarin ár. Þróunin yfir skólaárið er á þá leið að áhuginn var nokkuð jafn yfir skólaárið en jókst í lokin. Áhugi nemenda í 6. og 10. bekk er marktækt undir meðaltali en ekki marktækt undir í öðrum árgöngum.. Athygli vekur að áhugi á náttúrufræði eykst eftir því sem nemendur eldast að undanskildum 10. bekk.

Viðbrögð:

Á skólaárinu var nokkur áhersla lögð á verkleg verkefni, lausnaleit og samvinnu í náttúrufræði á unglingastigi. Voru þau skref stigin í átt að því að auka áhuga nemenda á viðfangsefnum náttúrufræðinnar en á fyrra skólaári var það markmið sett til næstu ára. Metið er hvað tókst vel og byggt á þeirri reynslu sem varð til á þessu skólaári. Áfram verður rýnt í náttúrufræðikennsluna og leiða leitað til að gera hana markvissari og áhugaverðari í augum nemenda.

Trú á eigin vinnubrögð í námi/ Trú á eigin námsgetu

Trú á eigin vinnubrögð mælist marktækt undir landsmeðaltali og trú á eigin námsgetu mælist í meðaltali. Nemendur í 6. og 7. bekk mælast marktækt undir meðaltali en ekki aðrir árgangar varðandi trú á eigin vinnubrögð í námi. Gaman er að segja frá því að nemendur í 9. bekk eru marktækt yfir landsmeðaltali varðandi trú á eigin námsgetu.

Viðbrögð:

Eftir sem áður verður unnið að því að efla trú nemenda á eigin vinnubrögðum í námi með hvatningu og jákvæðu námsumhverfi. Unnið verður markvisst að því að tengja uppeldi til ábyrgðar við jákvætt námsumhverfi og árangur í námi. Einnig haldast þessir þættir saman við þrautseigju í námi og það sem við ætlum að efla í þeim þætti.

Hlutfall nemenda með snjallsíma/símanotkun á skólatíma

Hlutfall nemenda með snjallsíma er undir landsmeðaltali en hefur þó aukist mjög mikið á milli ára. Nemendur í 6. – 7. bekk eru marktækt undir landsmeðaltali en 8. og 10. bekkur eru í landsmeðaltali og 9. bekkur er yfir landsmeðaltali.

Símanotkun á skólatíma er þó ekki í samræmi við hlutfall nemenda með símann í skólanum þar sem nemendur virðast nýta símann meira í skólanum en aðrir nemendur landsins.

Viðbrögð

Stefnt er að því að minnka símanotkun á unglingastigi og farin verður sú leið að vinna með nemendum að lausnum þess efnis. Nemendur í 1. – 7. bekk eiga ekki að vera með síma í skólanum.

Líðan og heilsa - Niðurstöður

Viðmið Heiðarskóla í eftirfarandi þáttum sem mæla virkni nemenda er að mælingar sýni niðurstöður í eða yfir meðaltali samanburðarskólanna. Skólinn setur sér önnur viðmið í tveimur þáttum. Í eineltis þættinum er viðmiðið að skólinn sé í eða undir meðaltali.

Sjálfsálit/Stjórn á eigin lífi/Vellíðan


Þessir þrír þættir mælast rétt yfir landsmeðaltali, þó ekki marktækt. Strákar mælast hærra en stelpur í öllum þremur þáttum, bæði í skólanum og á landsvísu.

Viðbrögð:

Þessir þættir haldast allir í hendur í mælingum ársins. Eftir sem áður verður unnið að því að efla jákvæða sjálfsmynd nemenda og hugað að sjálfstyrkingu þeirra. Áhersla verður lögð á jákvæðan bekkjarbrag og eflandi skólaumhverfi. Unnið verður markvisst að því að tengja uppeldi til ábyrgðar við þessa þætti m.a. með þarfagreiningu og vinnu með hana.

Einelti

Þegar spurt er um einelti mælist það í landsmeðaltali sem er eins og á síðasta skólaári og hefur þróunin því verið í rétta átt. Talsverð aukning mælist frá febrúar og fram í apríl en helst stöðugt á landsvísu.



Myndin sýnir breytingar á meðaltali skólans á milli ára í samanburði við þróunina á landinu í heild.

Tíðni eineltis

Tíðni eineltis mælist rétt undir landsmeðaltali en ekki marktækt. Tíðni eineltis lækkar umtalsvert innan skólaárs eða úr 17,6% í upphafi skólaárs og niður í 8,8% í lok þess.

Viðbrögð:

Niðurstöður sýna að við náum ekki markmiði um að vera undir meðaltali í einelti og tíðni þess en þróunin er þó í rétta átt og mikil bæting s.l. þrjú ár. Haldið verður áfram að rýna niðurstöður enn frekar og unnið verður að því að efla bekkjarbrag, halda bekkjarfundi reglulega og áætlun gerð sem miðar að því að leysa samskiptamál fyrr. Samskipta- og eineltisteymi hefur sett fram áætlun sem mun gera þeirra störf markvissari og sýnilegri, teymið sem heldur utan um Uppbyggingarstefnuna mun áfram efla það starf og hefur til að mynda gert verkáætlun til tveggja ára og teymi heilsueflandi skóla mun áfram beina sjónum sínum að geðrækt.

Mataráskrift/Oftast góður eða frekar góður matur

Þegar spurt er um hvort nemendur eru í mataráskrift mælist það yfir landsmeðaltali. Þegar spurt eru um hvort maturinn sé góður eða frekar góður sýna niðurstöður að við erum talsvert yfir landsmeðaltali í þeim þætti þó ekki marktækt.

Viðbrögð:

Mikilvægt er að halda áfram að hvetja nemendur til þess að borða hollan og góðan mat. Einnig að vera í góðu samstarfi við Skólamat sem sér um skólamáltíðir.

Skóla- og bekkjarandi - Niðurstöður

Viðmið Heiðarskóla í eftirfarandi þáttum sem mæla virkni nemenda er að mælingar sýni niðurstöður í eða yfir meðaltali samanburðarskólanna.

Samsömun við nemendahópinn

Í könnuninni er kvarði sem mælir samsömun nemenda við nemendahópinn og er honum ætlað að draga saman viðhorf nemenda til skólans og meta að hve miklu leyti nemendum þykja þeir tilheyra nemendahópnum og að skólinn sé staður þar sem þeim líður vel. Í heild mælast nemendur okkar í meðaltali.

Viðbrögð:

Umsjónarkennarar vinna að því að skapa samheldni innan bekkja og árganga og efla samvinnu nemenda. Haldnir eru bekkjarfundir og unnið að því að skapa góðan bekkjarbrag. Á miðstigi erum við með ART, Baujuna, Verkfærakistuna, Leikjavini og Uppeldi til ábyrgðar sem allt miðar að því að efla einstaklinga eða hópa og auka umburðarlyndi. Einnig er nýtt námskeið sem útbúið var af starfsmönnum skólans – Félagsfærni sem hittir í mark.

Námskeiðið er fyrir 7. bekk en það gaf mjög góða raun á liðnu skólaári.

Samband nemenda við kennara

Fjórða árið í röð mælist þessi þáttur marktækt undir meðaltali en þróunin er aðeins upp á við frá síðasta skólaári. 6. bekkur mælist marktækt undir landsmeðaltali en aðrir árgangar ekki.

Viðbrögð:

Það gefur auga leið að efla þarf samband nemenda og kennara. Unnið verður að því með bekkjarfundum, vinnu í Uppbyggingarstefnunni og auknu nemendalýðræði. Þegar nemendur setja sér markmið að hausti sem þeir endurmeta í janúar verður farið yfir hvernig þeir sjá fyrir sér að þessi þáttur geti orðið betri. Munu kennarar nýta þær niðurstöður til að bæta þennan þátt.

Agi í tímum

Þegar spurt er um aga í tímum mælist hann í heildina í meðaltali samanburðarskólanna eins og undanfarin skólaár. 6. og 10. bekkur mælast í landsmeðaltali en 7. og 9. bekkur marktækt undir en 8. bekkur marktækt yfir landsmeðaltali.

Viðbrögð:

Á liðnu skólaári, eins og undanfarin ár, hafa kennarar m.a. samstillt aðferðir sínar við agastjórnun. Áfram verður unnið að því að bæta aga í skólanum með ýmsum hætti m.a. með því að vera með skýra bekkjarstjórnun og samstillt viðbrögð. Á liðnu skólaári fóru kennarar á námskeið til þess að efla þennan þátt. Námskeiðin voru Fjölbreyttir kennsluhættir og Hvað liggur á bak við erfiða hegðun.

Virk þátttaka nemenda í tímum

Nemendur skólans mælast rétt undir landsmeðaltali en þó ekki marktækt í heildina.

Viðbrögð

Farið verður yfir með kennurum leiðir til þess að efla þátttöku nemenda í kennslustundum, til að mynda með því að efla nemendur í umræðutímum og virkja þá enn frekar í fjölbreyttum verkefnaskilum.

Tíðni leiðsagnarmats

Nemendur skólans mælast marktækt undir landsmeðaltali eins og undanfarin ár.

Viðbrögð

Áfram verður unnið að því að efla leiðbeinandi kennsluhætti og leiðsagnarmat. Kennarar eru eftir sem áður áhugasamir og viljugir til þess að bæta þessa þætti.

Íslenska æskulýðsrannsóknin

Íslenska æskulýðsrannsóknin er rannsókn sem Háskóli Íslands framkvæmir fyrir Mennta- og barnamálaráðuneytið. Markmiðið er að safna gögnum um viðhorf barna og ungs fólks til þátta sem snúa að farsæld þeirra. Þættirnir eru eftirfarandi:

Menntun

Lífsgæði og félagsleg staða

Heilsa og vellíðan


Öryggi og vernd

Þátttaka í íþrótt-, tómstunda- og samfélagstarfi og félagslegum tengslum

Könnunin var lögð fyrir að vori fyrir nemendur í 4. – 10. bekk skólans og er viðameiri eftir því sem nemendur eldast. Niðurstöðurnar voru að mestu leyti jákvæðar. Niðurstöður nemenda í 4. – 5. bekk komu almennt vel út og verður ekki farið nánar í þær hér í þessari skýrslu. Niðurstöður verða kynntar fyrir foreldrum á haustdögum.

Menntun


90% nemenda í 6. – 10. bekk telja mikilvægt að leggja sig fram við námið. Hér má sjá samanburð við aðra nemendur á Suðurnesjum sem og á landinu öllu.



Nemendur í Heiðarskóla telja sig ekki vera undir miklu álagi vegna námsins. Þó fer álagið


vaxandi eftir því sem nemendur verða eldri.

Þegar spurt er um lestur eru nemendur Heiðarskóla bæði undir í samanburði við nemendur á Suðurnesjum og landinu öllu. Það er sama hvort spurt er um skólatengdan lestur eða lestur að eigin vali. Þessar niðurstöður rýma við niðurstöður Skólapúl síns þegar spurt er um ánægju af lestri. Þegar spurt er um hversu oft nemendur lesa skáldsögur í frítíma sínum eru niðurstöðurnar eftirfarandi:



Heilsa og vellíðan


Nemendum í Heiðarskóla virðist líða ágætlega en þó eru stúlkurnar ívið lægri en drengir þegar kemur að spurningum sem snúa að líðan. Það helst þó í hendur við niðurstöður á Suðurnesjum sem og á landinu. Það er áhyggjuefni hversu illa stúlkum í Heiðarskóla virðist líða en þær eru almennt með meiri höfuðverk, magaverk og kvíða en aðrar stúlkur á landinu. Þegar nemendur eru spurðir hvar þeir myndu staðsetja sig á kvarða sem táknar besta hugsanlega lífið sem þeir gætu hugsað sér þar sem 10 táknar besta lífið og 0 táknar versta lífið eru niðurstöðurnar eftirfarandi:




Nemendur í Heiðarskóla virðast almennt hreyfa sig meira en aðrir nemendur á Suðurnesjum og á landinu.

Öryggi og vernd

Nemendur Heiðarskóla upplifa sig örugga í umhverfi sínu en þó er áhyggjuefni að sjá niðurstöður sem snúa að ofbeldi en nemendur virðast lenda í slagsmálum eða verða fyrir ofbeldi oftari en góðu hófi gegnir. Hér fyrir neðan má sjá svörun nemenda við því þegar spurt var um hvort þeir hefðu lent í slagsmálum undanfarna 12 mánuði.



Þegar spurt er um einelti eru niðurstöðurnar í og í kringum Suðurnes og landið en þó misjafnt eftir hvort um er að ræða 6. – 7. bekk eða 8. – 10. bekk eins og sjá má á eftirfarandi mynd:




Þegar kemur að spurningum varðandi áfengis- og tópakneyslu eru nemendur skólans oftast undir í samanburði við Suðurnes og landið. Þó virðist áfengisneysla í 10. Bekk vera sá þáttur sem þarf að fylgjast með.

Þátttaka og félagsleg tengsl


Þegar nemendur eru spurðir um vináttu og félagsleg tengsl þá eru svörin flest á jákvæðum nótum. Þeir eiga auðveldara með að eignast nýja vini, virðast eiga marga góða vini og upplifa sjaldnar einmana.

Nemendur skólans stunda einnig meiri íþróttir en aðrir nemendur á Suðurnesjum og á landinu, eins og sjá má á myndinni hér fyrir neðan.



Lífsgæði og félagsleg staða

Lífsgæði og félagsleg staða nemenda í Heiðarskóla er mjög góð ef miðað er við niðurstöður spurninganna í þessum þætti. Meirihluti nemanda telur sig fá tilfinningalegan stuðning heima við og almennt búa við góðar aðstæður. Flestir hafa góða aðstöðu fyrir heimanám og fá aðstoð heima við vegna heimanámsins. Hér fyrir neðan má sjá niðurstöður við þegar nemendur eru spurðir hvort þeir fái aðstoð við heimanámið.



Foreldrakönnun Skólapúlsins

Foreldrakönnun Skólapúlsins var framkvæmd í febrúar og er fyrir foreldra barna á öllum aldurstigum skólans. Svarhlutfall var 77,1%.

Eftirtaldir liðir í 6 flokkum voru mældir:

Nám og kennsla

Velferð nemenda

Aðstaða og þjónusta

Foreldrasamstarf

Heimastuðningur

Opin svör

Í heildina kom könnunin mjög vel út. Almenn ánægja er hjá foreldrum með skólastarfið í heild. Skólinn var marktækt yfir meðaltali í fjórum þáttum en aðeins marktækt undir í tveimur.

Nám og kennsla

Í þessum lið voru fjórir þættir mældir; *ánægja foreldra með stjórnun skólans, ánægja foreldra með nám og kennslu í skólanum, hæfileg þyngd námsefnis og hæfilegur agi í skólanum*. Allir þættir mælast yfir landsmeðaltali en þátturinn ánægja foreldra með stjórnun skólans mælist marktækt yfir meðaltali samanburðarskólanna.

Velferð nemenda

Í þessum lið voru þrettán þættir mældir; *Ánægja með samskipti starfsfólks við nemendur, ánægja með hvernig skólinn mætir þörfum nemenda, líðan nemenda í skólanum almennt, líðan nemenda í kennslustundum að mati foreldra, líðan nemenda í frímínútum að mati foreldra, umfang eineltis, hlutfall eineltistilvika sem tilkynnt voru til skólans, ánægja með úrvinnslu skólans á eineltismálum, ánægja með hraða á úrvinnslu skólans á eineltismálum, ánægja með eineltisáætlun skólans, meðaltímabil eineltis og staðir innan skólans sem einelti á sér stað og hlutfall foreldra sem vilja banna snjallsíma*.

Í þessum hluta var enginn þáttur sem kom marktækt yfir landsmeðaltali en þó voru 6 þættir sem mælast í meðaltali samanburðarskólanna.

Spurningum sem snúa að þáttum er varða eineltismál svara aðeins þeir foreldrar sem telja að barn sitt hafi orðið fyrir einelti í skólanum. Ekki fylgir skilgreining á einelti til að hafa ekki áhrif á svör foreldra. Niðurstöður í þessum hluta könnunarinnar eru almennt í meðaltali, oftast rétt undir því en ekki marktækt. Þó mælist skólinn marktækt yfir landsmeðaltali í umfangi eineltis en nemendur á miðstigi mælast yfir en ekki hin tvö stigin.

Ánægja þeirra með úrvinnslu á eineltismálum og ánægju með eineltisáætlun skólans hafði

dvínað undanfarin ár en jókst aðeins á þessu skólaári. Ánægja með hraða á úrvinnslu eineltismála hefur aukist töluvert frá síðustu fyrirögn. Samskiptateymi skólans hefur rýnt í þessar niðurstöður og gert drög að áætlun til úrbóta.

Hlutfall foreldra sem vilja banna snjallsíma í skólanum er í landsmeðaltali.

Aðstaða og þjónusta

Í þessum lið voru sjö þættir mældir; *ánægja með aðstöðu í skólanum, ánægja með tómstundaþjónustu, Hlutfall nemenda í tómstundaþjónustu/frístundaheimili, ástæður fyrir því að nemendur nýta ekki tómstundaþjónustu, ánægja með matinn, notkun á mat í skólanum og ástæður þess að nemendur nýta ekki mötuneyti.*

Ánægja foreldra með aðstöðu í skólanum mælist yfir meðaltali. Ánægja foreldra með tómstundaþjónustu fer dvínandi frá síðustu fyrirögn en er þó í meðaltali.

Hlutfall nemenda í tómstundaþjónustu/frístundaheimili mælist marktækt undir landsmeðaltali en hefur þó aukist talsvert frá síðustu fyrirögn. Þegar foreldrar eru spurðir að ástæðu þess að barn þeirra nýtir ekki tómstundaþjónustu er algengasta svarið að foreldrar þurfi ekki á því að halda.


Ánægja foreldra með matinn er verulega yfir landsmeðaltali og hefur aukist frá síðustu fyrirögn. Skólinn er í samstarfi við Skólamat um skólamáltíðir og sendir fyrirtækið út sína eigin könnun til foreldra barna í áskrift. Ekki er því talin ástæða til að tíunda þær niðurstöður sérstaklega hér.

Foreldrasamstarf

Í þessum lið voru níu þættir mældir; *frumkvæði kennara að foreldrasamstarfi, áhrif foreldra á ákvarðanir fyrir nemendur, leitað eftir tillögum frá foreldrum og ábendingar teknar til greina, ánægja með síðasta foreldraviðtal (2), málefni sem rædd voru í síðasta foreldraviðtali (opin svör), þátttaka foreldra í gerð námsáætlunar með nemandanum, mikilvægi þess að gera námsáætlun með nemandanum, ánægja með heimasíðu skólans og foreldrar upplýstir um stefnu skólans og námskrá.*

Allir þættir mælast í eða yfir meðaltali, þar af tveir þættir sem mælast marktækt yfir því en það er þátttaka foreldra í gerð námsáætlunar með nemendum og ánægja foreldra með heimasíðu skólans. Þátttaka foreldra í gerð námsáætlunar með nemendum hefur verið marktækt yfir landsmeðaltali síðan árið 2015. Við lækkum talsvert á milli fyrirögn en erum þó enn marktækt yfir. Skólinn mun rýna í hvers vegna sú lækkun er.

4.6. Þátttaka foreldra í gerð námsáætlunar með nemandanum – Ársmeðaltöl



Einnig má nefna að frumkvæði kennara að foreldrasamstarfi hefur frá 2015 mælst undir meðaltali, í þremur fyrirlögnum marktækt undir. Nokkur viðsnúningur hefur orðið hér og er nú í meðaltali.

Vert er að taka fram að einungis var einn dagur skipulagður fyrir foreldrasamtal vegna verkfalls kennara í febrúar. Það hefur að öllum líkindum haft áhrif á svörun tengdum foreldraviðtölum.

Heimastuðningur

Í þessum hluta voru sex þættir mældir; *virgni foreldra í námi barna sinna, vilji nemenda til að leita eftir þátttöku foreldra í náminu, hæfileg heimavinna að mati foreldra, tími sem foreldrar aðstoða við heimanám, væntingar foreldra um háskólanám og væntingar foreldra um iðnnám*. Skólinn var í og yfir meðaltali í öllum sex þáttunum. Athygli vekur að væntingar foreldra til háskólanáms hefur lækkað talsvert frá síðustu fyrirlögn og væntingar foreldra um iðnnám hefur aukist frá síðustu fyrirlögn.

Opin svör

Foreldrar hafa margt gott um skólann og skólastarfið að segja og er það afar ánægjulegt. Einnig er ánægjulegt að sjá að það sem þeir setja fram sem eitthvað sem betur má fara í skólanum er gert með sanngjörnum, uppbyggilegum og lausnamiðuðum hætti.

Starfsmannakannanir

Starfsmannakönnun Skólapúlsins er lögð fyrir annað hvert ár var hún framkvæmd á þessu skólaári. Var hún lögð fyrir í mars og mældi 8 almenna þætti. Viðmiðunarhópur

rannsóknarinnar samanstendur af svörum starfsmanna þeirra íslensku grunnskóla sem tóku þátt í könnuninni og náðu viðunandi svarhlutfalli. Lágmarkssvarhlutfall í hverjum skóla var 80% en ef svarhlutfall fer niður fyrir 70% eru niðurstöðurnar birtar með fyrirvara um að þær endurspeglar mögulega ekki almennt viðhorf starfsfólks í skólanum. Svarhlutfall starfsmanna Heiðarskóla var 79,5% og endurspeglar niðurstöðurnar því almennt viðhorf starfsfólks í skólanum.

Heiðarskóli setur sér þau viðmið að vera í eða yfir meðaltali í öllum þáttum starfsmannakönnunarinnar að undanskildum þeim þáttum sem mæla áreitni og einelti meðal starfsfólks og skörun milli vinnu og einkalífs. Að vera í eða yfir meðaltali gildir einnig um símenntun kennara en niðurstöður úr þeim þætti könnunarinnar eru bornar saman við það sem fram kemur í starfsmannasamtölum.

Eftirtaldir liðir í 8 flokkum voru mældir:

<i>Starfið</i>	<i>Kennarar – kennarastarfið</i>
<i>Starfsfólk</i>	<i>Kennarar – starfsumhverfi kennara</i>
<i>Vinnustaðurinn</i>	<i>Kennarar – Símenntun kennara</i>
<i>Stjórnun</i>	<i>Opin svör</i>

Í heildina kom könnunin vel út. Almenn starfsánægja, góður starfsandi og ánægja með stjórnun eru þættir sem komu mjög vel út. Vinnuálag, einstaklingsvinna í bekk, einstaklingsmiðuð kennsla og starfsumhverfi kennara eru dæmi um þætti sem þarf að gera úrbætur á.

Starfið

Í þessum lið voru fjórir þættir mældir; *vinnuálag, skýrleiki hlutverks, ágreiningur um hlutverk og jákvæðar áskoranir í starfi*. Komu þeir allir vel út, þar á meðal vinnuálag en sá þáttur hefur lækkað talsvert á milli fyrirlagna. Í síðustu fyrirlögn mældist vinnuálag marktækt yfir landsmeðaltali en er nú í meðaltali sem telst mjög jákvætt. Skólinn hefur markviss unnið í þessum þætti undanfarin ár og því ánægjulegt að sjá þessar niðurstöður.

Starfsfólk

Í þessum lið voru sex þættir mældir; *leikni í starfi, skuldbinding vinnustaðarins, skörun vinnu og einkalífs, ræktun mannauðs, starfsmannaviðtöl og gagnsemi starfsmannaviðtals*.

Skuldbinding til vinnustaðarins og ræktun mannauðs mældust marktækt yfir landsmeðaltali. Aðrir þættir mælast í eða við landsmeðaltal. Kennarar mælast oftar undir landsmeðaltali en annað starfsfólk en þó ekki í öllum þáttum. Ánægjulegt er að sjá að þegar spurt er um gagnsemi starfsmannasamtala hefur orðið jákvæð breyting frá síðustu fyrirlögn.

Vinnustaðurinn

Í þessum lið voru ellefu þættir mældir; *starfsandi, ánægja með vinnuaðstöðu, stytting vinnuvikunnar, ánægja með styttingu vinnuvikunnar, stuðningur frá samstarfsfólki, stuðningur við nýsköpun, mismunun, einelti (3) og kynferðisleg áreitni*. Flestir þessir þættir komu vel út. Starfsandi, ánægja með vinnuaðstöðu og mismunun mælast í meðaltali. Niðurstöður í þættinum mismunun hafa þó hækkað talsvert frá síðustu fyrirögn og þarf að rýna í hvers vegna það er. Nýir þættir frá síðustu fyrirögn eru ánægja með styttingu vinnuvikunnar og stytting vinnuvikunnar og mælast báðir þættir marktækt undir landsmeðaltali. Skoða þarf hvernig hægt er að koma betur til móts við þennan þátt hjá starfsfólki skólans. Í öðrum þáttum er markmiðið að mælast undir meðaltali og er það raunin. Einn starfsmaður svarar því játandi að hafa séð aðra lagða í einelti og er það einum of mikið. Rætt verður við starfsmenn um þessar niðurstöður og farið yfir hvaða leiðir eru til staðar ef grunur er um einelti á vinnustaðnum.

Stjórnun

Í þessum lið voru þrír þættir mældir; *stuðningur frá næsta yfirmanni, sanngjörn forysta næsta yfirmanns*. Allir þessir þættir mældust marktækt yfir landsmeðaltali og hefur þar engin breyting orðið á frá síðustu fyrirögn.

Kennarar – kennarastarfið

Í þessum lið voru ellefu þættir mældir; *ánægja með kennarastarfið, trú kennara skólans á eigin getu, upplýsingamiðlun til foreldra, áætlaður meðaltími í heimavinnu á viku, undirbúningur kennslu í skólanum, öllum bekknum kennt í einu, hópavinna í bekk, einstaklingsvinna í bekk, einstaklingsmiðuð kennsla, áhersla kennara á námsmat með prófum og áhersla kennara á námsmat með öðru en prófum*. Flestir þættir komu vel út og mældust í eða við landsmeðaltal. Þátturinn einstaklingsmiðuð kennsla kom talsvert marktækt undir landsmeðaltali sem er óásættanlegt fyrir skólann. Í fyrri fyrirögn var skólinn einnig marktækt undir landsmeðaltali en hefur farið enn fjær landsmeðaltali en áður. Það þarf að rýna í hvers vegna þessi þáttur er eins slakur og raunin er. Þátturinn trú kennara á eigin getu hefur farið lækkandi frá síðustu fyrirögn, hann mælist rétt undir landsmeðaltali. Það er áhugavert að rýna í hvers vegna kennarar hafa ekki meiri trú á eigin getu en raun ber vitni.

Kennarar – starfsumhverfi kennara

Í þessum lið voru fimm þættir mældir; *stuðningur við kennara vegna nem. með námserfiðleika*, *stuðningur við kennara vegna nem. með hegðunarörðugleika*, *faglegur stuðningur skólustjóra við kennara*, *samráð um kennslu og samvinna um kennslu*. Fjórir þættir voru marktækt undir landsmeðaltali, einungis þátturinn faglegur stuðningur við kennara mælist í meðaltali. Undanfarin ár hefur þróun orðið í þessum málum sem þó skilar sér ekki í betri niðurstöðum. Má þar nefna samstarf við hegðunarráðgjafa, jafningjastuðningur kennara, sérstök aðkoma stjórnenda að málum nemenda, komið á hentugri námsúrræðum fyrir nemendur sem sýna erfiða hegðun og komið á teymisfundum vegna nemenda. Ljóst er að efla þarf stuðning við kennara vegna nem. með hegðunarörðugleika enn frekar og gera stuðninginn sýnilegri.

Kennarar – símenntun kennara

Í þessum lið voru sex þættir mældir; *fjöldi daga í símenntun undanfarið*, *símenntunarþörf kennara (2)*, *hlutfall kennara sem hefðu viljað meiri símenntun undanfarna 12 mánuði*, *leiðir kennara til að auka eigin þekkingu/færni sl. 12 mánuði (opin svör)*. Kennarar eru mjög duglegir að sækja sér símenntun og er skólinn yfir landsmeðaltali, þó ekki marktækt. Skólinn er undir í þættinum símenntunarþörf kennara og hlutfalli kennara sem hefðu viljað meiri símenntun undanfarna 12 mánuði. Þær niðurstöður sýna að kennarar virðast vera sáttir við sína símenntun og skólans.

4.2.1 Moodup - starfsmannakönnun

Fyrirtækið Moodup sá um reglulegar vinnustaðagreiningar og fóru þær fram í september, nóvember, janúar, mars og maí. Það er frábært fyrir alla að fá reglulega mælingu og fylgjast með breytingum, hlúa að því sem vel er gert og huga að því sem þarf að bæta. Það eru 10 þættir sem liggja til grundvallar og eru þeir eftirfarandi:

Samsvörun, samskipti, vöxtur í starfi, samband við yfirmann, samband við jafningja, viðurkenning, ánægja, heilsa og vellíðan, aðbúnaður og helgun.

Þátttaka í könnuninni var einstaklega góð eða um 94% í heildina og má því segja að niðurstöður hennar séu marktækar fyrir skólann.

Í heildina kom könnunin mjög vel út. Á myndinni hér fyrir neðan má sjá hverjir eru helstu styrkleikar skólans sem og undir hvaða þætti þeir styrkleikar eru. Sjá má að drifkrafturinn heilsa og vellíðan kemur vel út.



Eins og sjá má eru þetta virkilega ánægjulegar niðurstöður og benda þær til þess að starfsfólki líði vel.

Á myndinni hér fyrir neðan má sjá hverjir veikleikar eru sem og undir hvaða drifkrafti þeir eru.



Eins og sjá má koma er helsti veikleikinn tengdur álagi á starfsfólk og þarf því að halda áfram að rýna í það hvað hægt er að gera til þess að minnka álagið.

Viðbrögð

Stjórnendur munu rýna enn frekar í niðurstöður og vinna bæði með styrkleika og veikleika. Starfsfólk verður fengið til að koma með hugmyndir að því hvað hægt er að gera til þess að bæta það sem á þarf að halda sem og viðhalda því sem vel er gert.

Viðbrögð starfsfólks til ýmissa viðburða

Á skólaárinu voru viðbrögð starfsfólks könnuð eftir hina ýmsu viðburði í skólanum. Viðburðirnir voru afmæli skólans, háttvísisdagur, heilbrigðis- og forvarnavika, desemberdagskrá, öskudagur og starfsdagurinn 21. nóvember. Niðurstöðurnar verða nýttar á

næsta skólaári svo þessir viðburðir verði enn betri. Einnig er áætlað að kanna viðbrögð vegna fleiri viðburða á vegum skólans.

4.2. Foreldrasamstarf

Á skólaárinu var einn samtalsdagur þar sem nemendur komu ásamt foreldrum sínum og áttu samtál við umsjónakennara. Það var í september og er markmiðasetningadagur en þá setja nemendur sér markmið fyrir komandi skólaár. Áætlað var að hafa annan samtalsdag þar sem nemendur færu yfir þau markmið sem þeir settu sér í september en sá dagur féll niður vegna verkfalls kennara. Kennarar höfðu þó samband við þá foreldra sem þeir mátu sem svo að væri mikilvægt að hitta eða heyra í.

Á vordögum voru foreldrar boðaðir til samtals við skólastjórnendur um skólastarfið. Áherslan var á breytingar á hegðun og framkomu nemenda. Lögð var áhersla á samtarf við heimilin og hvernig skóli og heimili gætu unnið saman að bættri framkomu og hegðun. Góð mæting var á fundina en þeir voru aldursskiptir. Haldið verður áfram með þessa vinnu á næsta skólaári og sérstök áhersla lögð á aukin samskipti og samvinnu við heimilin.

4.3. Menntastefna Reykjanesbæjar

Menntastefna Reykjanesbæjar var gefin út árið 2021 og er í gildi til ársins 2030.

Meginmarkmið hennar er að skapa börnum og ungmennum umhverfi þar sem þeim líður vel og geta látið ljós sitt skína. Meginmarkmiðið rýmar vel við Uppeldi til ábyrgðar sem er sú stefna sem skólinn vinnur eftir eins og komið hefur fram. Í menntastefnunni eru þrjú leiðarljós:



Leiðarljósин endurspeglast skýrt í skólanámskránni og einkunnarorðum skólans sem eru háttvísi, hugvit og heilbrigði.

Stefnuáherslurnar eru fimm og eru eftirfarandi:



Lögð er áhersla á að vinna með leiðarljós og stefnuáherslur og má segja að allt það sem er unnið og gert í skólanum sé unnið í anda stefnunnar, með einum eða öðrum hætti. Á næsta skólaári munum við festa hana enn betur og markvissar í sessi með því að tengja hana beint við teymi kennara og starfsfólks.

5. Samantekt

5.1. Framkvæmdarmat á nokkur verkefni á skólaárinu 2024 - 2025

Í upphafi skólaárs var lögð fram umbótaáætlun sem sjá má í eftirfarandi töflu þar sem einnig kemur fram mat á framkvæmdinni. Ákveðnir þættir voru lagðir fyrir tiltekin teymi og voru í vinnslu á skólaárinu. Lestrarteymið fékk t.a.m. niðurstöður varðandi lesturinn, samskiptateymi, teymi Uppeldis til ábyrgðar og heilbrigðisteymi niðurstöður varðandi líðan nemenda, stærðfræðiteymið fékk niðurstöður varðandi stærðfræðina og að lokum fengu stjórnendur niðurstöður varðandi farsælt skólastarf/skólaþróun. Meðal verkefna teymanna var að vinna með niðurstöðurnar og setja inn í áætlun vetrarins.

Efnisþættir	Aðgerðir/Viðbrögð	Umsjón	Viðmið	Mat á framkvæmd
Móðurmálið er málið	Áfram var unnið að því að auka ánægju nemenda af lestri, viðhalda góðum árangri í lesfimi og vinna markvisst að góðum kennsluháttum í lestri.	Aðstoðarskólastjóri, lestrarteymi, kennarar og foreldrar	Notast var við niðurstöður úr Skólapúlsum og lesfimi MMS.	Verkefnið gekk í heild vel. Lestrarteymið stóð fyrir lestrarhvetjandi verkefnum og óreyndir umsjónarkennarar fengu leiðsögn og stuðning í fyrirlögn mats í lestri. Niðurstöður úr lestrarmati MMS voru í heildina góðar. Ekki var rýnt í lestraráætlun skólans eða farið yfir námskrár í íslensku þar sem ný hæfniviðmið voru gefin út.
Það er gaman í stærðfræði	Áfram var unnið að því að byggja upp jákvætt stærðfræðiumhverfi, leyfa nemendum að vera virkir í eigin námi og læra af reynslunni. Unnið var eftir stærðfræðistefnu skólans.	Stærðfræðiteymi og kennarar	Notast var við niðurstöður úr Skólapúlsum.	Verkefnið gekk vel. Niðurstöður úr Skólapúlsum sýndu þó því miður að áhugi á stærðfræði dvínaði. Kassar með gögnum til stærðfræðikennslu fóru til allra bekkja. Kennarar voru hvattir til að nýta sér stærðfræðispil í kennslu.
Góð samskipti og vellíðan nemenda	Áfram unnið að því að auka vellíðan nemenda í skólanum og efla jákvæð samskipti. Hugað var að því hvernig skólinn getur stuðlað að öryggi og heilbrigðu umhverfi.	Skólastjórnendur, samskiptateymi, teymi Uppeldis til ábyrgðar og teymi heilsueflandi skóla, kennarar, nemendur.	Notast var við niðurstöður úr Skólapúlsum.	Niðurstöður úr Skólapúlsum sýna að skólinn er á réttri leið. Teymi Uppeldis til ábyrgðar setti fram námsáætlun vetrarins fyrir kennara og í hverjum mánuði voru gefin út fréttabréf með áherslum mánaðarins. Unnið verður áfram með að bæta líðan nemenda skólans með markvissri vinnu allra í skólasamfélaginu. Farið var af stað með verkefnið Félagsfærni sem hittir í mark.
Kennsluaðferðir og námsmat	Unnið að því að auka fjölbreytni í kennsluaðferðum og hvernig námsmat fari fram.	Skólastjórnendur og kennarar.	Niðurstöður úr Skólapúlsum og hæfniviðmið skoðuð.	Bekkarnámskrár voru yfirfarnar og þeim breytt talsvert. Lögð var áhersla á hæfniviðmiðin og kennsluhætti. Endurskoðun á Aðalnámskrá grunnskóla var gefin út og var mikil vinna lögð í að endurskoða þau hæfniviðmið sem vera notuð á næsta skólaári. Ekki var farið í að endurskoða hvernig námsmat er birt vegna breytinga á Aðalnámskrá.

5.2. Samantekt á niðurstöðum sjálfsmats 2024 - 2025

Umbótavinnan er í góðum farvegi og okkur hefur áunnist margt. Mælingar sýna okkur þó ekki þær niðurstöður sem við hefðum viljað sjá í upplifun og viðhorfum nemenda og því þurfum við að meta vel næstu skref. Haldið verður áfram með sömu efnisþætti fyrir skólaárið 2025 – 2026, þar sem áfram verður leitað leiða til að auka ánægju nemenda af lestri, unnið enn markvissara að því að auka vellíðan nemenda, stærðfræðistefnan verður virkjuð enn betur og símenntunarþörf kennara mætt með markvissum hætti. Niðurstöður nemendakönnunar Skólapúlsins sýndu að huga þarf að áhugahvöt nemenda þegar kemur að lestri, stærðfræði og náttúrufræði og leita leiða til að bæta samband nemenda og kennara í ákveðnum árgöngum. Hvað lesturinn varðar sýna lestrarmælingar MMS góðan árangur í lesfimi í allflestum árgöngum. Niðurstöður starfsmannakannanna voru almennt góðar en sérstaklega þarf að huga að leiðum til að draga úr álagi í starfi.

5.3. Umbótaáætlun 2025 – 2026

Verkefni	Inntak	Þátttakendur	Ábyrgðar- aðilar	Markmið	Mat
Móðurmálið er málið	Að auka ánægju nemenda af lestri sem helst í hendur við góðan lestrarárangur í lesfimi. Að efla íslenskukennslu á öllum stigum og fyrir alla nemendur	Kennarar, foreldrar, nemendur	Skólastjórnendur	Við viljum ná að viðhalda árangri sem náðst hefur og auka ánægju nemenda af lestri og lestartengd-um verkefnum. Lestraráætlun skólans verður rýnd og gefin út ný. Hafin verður vinna við að gera íslenskuáætlun.	Niðurstöður úr Skólapúlsinum. Niðurstöður úr lesfimi MMS. Samtöl við kennara og nemendur
Góð samskipti og vellíðan nemenda	Að nemendum líði vel í skólanum, að nemendur eigi í góðum samskiptum. Að skólinn stuðli að öruggu og heilbrigðu umhverfi.	Starfsfólk skóla, nemendur	Skólastjórnendur	Við viljum sjá mælanlegan árangur í Skólapúlsinum skólaárið 2025 – 2026. Stefnt er að því að efla farsældarvinnu sem þegar er hafin.	Niðurstöður úr Skólapúlsinum og fleiri könnunum.

Kennsluaðferðir og námsmat	Að nemendur fá fjölbreytta og innihaldsríka kennslu og námsmat sem styður við kennsluna.	Kennarar, nemendur	Skólastjórnendur	Endurskoðuð Aðalnámskrá verður virkjuð og unnið skv. henni. Leiðarvísir vegna námsmats verður gefin út. Lögð verður áhersla einstaklingsmiðaða kennslu.	Niðurstöður úr Skólapúlseinum. Samtal við kennara, nemendur og foreldra.
Farsælt skólastarf (Fjölbreytt og öflug skólaþróun)	Að tengja starfsþróun kennara inn í skólastarfið. Að koma til móts við símenntunarþörf þeirra og bæta líðan starfsfólks og upplifun af álagi í starfi.	Kennarar, skólastjórnendur	Skólastjórnendur	Að ná betur að stjórna álagi á kennara sem og líðan þeirra.	Starfsmannasamtöl, Könnun lögð fyrir kennara.
Í átt að betri líðan Ritun	Að nemendur fái aukna færni í ritun og að koma hugsunum sínum á blað. Að vekja eldmóð og áhuga kennara á ritun sem kennsluaðferð.	Kennarar, skólastjórnendur	Skólastjórnendur	Að auka færni nemenda í ritun og eldmóð kennara.	Starfsmannasamtöl, Könnun lögð fyrir kenra.
Menntastefna Reykjanesbæjar	Að festa menntastefnu Reykjanesbæjar enn fastar í sessi.	Kennarar, skólastjórnendur, nemendur	Skólastjórnendur	Að menntastefna Reykjanesbæjar verði sýnilegri í starfi skólans.	Starfsmannasamtöl, Könnun lögð fyrir kennara.

Lokaorð

Í þessari skýrslu hefur verið gerð grein fyrir ýmsum þáttum í skólastarfinu, mat á þeim þáttum og viðmiðum þar sem það á við. Vinna við matið á að nýtast öllu starfsfólki skólans til þess að bæta starfið fyrir komandi skólaár og gera gott starf enn betra.



REYKJANESBÆR
Í KRAFTI FJÖLBREYTLEIKANS